

127. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 2. maí 2022 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður

Einar Brandsson varaformaður

Björn Guðmundsson

Helgi Pétur Ottesen

Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir tvo einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 28.4.2022:

Hjúkrunarrými: 26 einstaklingar.

Dvalarrými: 12 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 24 einstaklingar.

2) Uppfærð jafnlaunastefna

Úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi Akraneskaupstaðar og Höfða fór fram þann 28. febrúar og 1. mars síðastliðinn og gerði vottunaraðili smávægilegar athugasemdir um orðalag fyrirbyggjandi jafnlaunastefnu.

Stjórn Höfða samþykkir uppfærða sameiginlega jafnlaunastefnu fyrir Akraneskaupstað og Höfða í samræmi við ábendingar vottunaraðila.

3) Framlenging á þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ)

Samkomulag um framlengingu á þjónustusamningi milli SÍ og Höfða um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Sólmundarhöfða til 31. mars 2025. Auk þess lögð fram yfirlýsing heilbrigðisráðherra vegna samningaviðræðna um rekstur hjúkrunarheimila og samkomulag um sameiginleg málefni.

Stjórn Höfða staðfestir framlengingu á þjónustusamningi til 31. mars 2025.

4) Afskrift viðskiptakrafna

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um afskriftir viðskiptakrafna að fjárhæð kr. 42.570.

5) Bankaviðskipti -útboð

Útboð Akraneskaupstaðar á bankaviðskiptum sem opnað var þann 11. mars síðastliðin nær einnig til B hluta félaga kaupstaðarins.

Akraneskaupstaður hefur samþykkt að taka hagstæðasta tilboði bjóðenda frá Arion banka.

Stjórn Höfða samþykkir að færa bankaviðskipti sín frá núverandi viðskiptabanka sínum, Landsbankanum yfir til Arion banka á grundvelli útboðs Akraneskaupstaðar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra framkvæmd á flutningi bankaviðskipta frá Landsbankanum yfir til Arion banka.

EB vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðs.

6) Fundargerð framkvæmdanefndar, dags. 27.4.2022

Lögð fram.

7) Starfsmannamál

- Trúnaðarmál
Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:48